

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2012****2012/EES/50/17****frá 30. apríl 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/133/ESB frá 2. mars 2010 um að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamátmengun í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum og um vöktun á etýlkarbamátinnihaldi þessara drykkja ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 110/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90 ⁽⁵⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, er orðin úrelt ⁽⁶⁾ og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Vegna sérstakra einkenna skráningarkerfis upprunamerkinga að því er varðar brennda drykki og vegna þess að mjög fára skráninga er vænst frá EFTA-ríkjum, virðist skynsamlegt að víkja til hliðar ákvæðum málsgreinar 4d) í bókun 1 að því er þetta efni varðar. Þetta skal vera með fyrirvara um aðrar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XXVII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89) og 2. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90) falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 8. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000):
„9. **32008 R 0110**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16), eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 160, 12.6.1989, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 105, 25.4.1990, bls. 9.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 30, 6.2.2009, bls. 18.

- **32008 R 1334**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar skulu ekki hafa áhrif á rétt EFTA-ríkjanna til að banna, án mismununar, að brenndir drykkir, sem hafa hærri alkóhólstyrkleika en 60% og ætlaðir eru til beinnar neyslu, séu settir á markað í löndum þeirra.
- b) EFTA-ríkjunum skal boðið að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndar um brennda drykki, eins og um getur í 25. gr., sem fæst við mál sem falla innan gerða sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðisrétt.
- c) Málsgrein 4d) í bókun 1 við samninginn gildir ekki um III. kafla reglugerðarinnar.
- d) Eftirfarandi bætist við í III. viðauka:

Vöruflokkur	Landfræðilegar tilvísanir	Upprunaland
15. Vodka	<i>Íslenskt vodka</i>	Ísland
	<i>Norsk vodka</i>	Noregur
24. Ákavíti	<i>Íslenskt brennivín/Icelandic Aquavit</i>	Ísland
	<i>Norsk akevitt/norsk aquavit/Norwegian Aquavit</i>	Noregur
Aðrir brenndir drykkir	Landfræðilegar tilvísanir sem koma fram í þessum lið varða framleiðsluvörur sem eru ekki skilgreindar í reglugerðinni. Af þeim sökum þurfa orðin „brenndir drykkir“ að koma fram í vörulýsingunni. EFTA-ríki sem framleiða þessa brennda drykki skulu veita hinum samningsaðilunum upplýsingar um innlendar skilgreiningar á þessum framleiðsluvörum.	

10. **32010 H 0133**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/133/ESB frá 2. mars 2010 um að fyrirbyggja og minnka etýlkarbamattmengun í steinaldinbrennivíni og ávaxtahratsbrennivíni úr steinaldinum og um vöktun á etýlkarbamattinnihaldi þessara drykkja (Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 53).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 110/2008 og tilmæla 2010/133/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.